

**Nd.**

**11. Frumvarp til laga**

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „ganga í sjálfskuldarábyrgð“ í 2. gr. laganna komi: fyrir aðra aðila en sveitarfélög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga.

Þá fylgdi frv. svo hljóðandi greinargerð:

„Á Alþingi 1961 voru sett lög um ríkisábyrgðir (lög nr. 37 1961). Í 2. gr. þeirra laga segir svo:

„Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.“

Á það var bent, er frv. um ríkisábyrgðir var til afgreiðslu hér á Alþingi, að þetta ákvæði laganna mundi raunverulega þýða það, að þau ákvæði í lögum, svo sem lögum um vatnsveitur, hitaveitur, rafmagnsveitur og víðar, þar sem talað er um ríkisábyrgð án skilgreiningar, svo sem þar er gert, yrðu gerð að mestu þýðingarlaus með þessari lagagrein, sérstaklega mundi þetta bitna hart á sveitarfélögum, þar sem ekki væri hægt að ganga að þeim, einföld ábyrgð yrði þeim því lítils eða einskis virði. Það hefur komið í ljós, að þetta hefur reynzt rétt. Sveitarfélögum verður einföld ríkisábyrgð ekki að notum.

Með frv. þessu er lagt til, að það ákvæði laganna um ríkisábyrgðir, er kveður á um, að eingöngu skuli gefin út einföld ábyrgð, nema öðruvísi sé ákveðið í heimildarlögunum sjálfum, nái ekki til sveitarfélaga. Ef þetta frv. yrði að lögum, mundu sveitarfélög geta hagnýtt sér ákvæði laga um vatnsveitur, hitaveitur o. fl. laga um ríkisábyrgð og aðstoð ríkisvaldsins við uppbyggingu sveitarfélaga með eðlilegum hætti.“